

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag tveggja frístundalóða í landi Vorsabæjar 1 á Skeiðum.*
Deiliskipulag tveggja frístundalóða í landi Vorsabæjar. Báðar lóðirnar eru um 1,0 ha að stærð og verður leyfilegt að byggja allt að 150 m² frístundahús auk allt að 25 m² gestahúss/geymslu. Lóðirnar tengjast inn á Þjóðveg nr. 324.
Samþykkt í sveitarstjórn 20. júní 2006.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í Skeiðháholti á Skeiðum.*
Gert er ráð fyrir þremur frístundahúsalóðum í landi Skeiðhólts 2. Svæðið er staðsett neðan vegar, mitt á milli Skeiðhólts og Blesastaða, og er gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 200 m² frístundahús, 30 m² aukahús, 40 m² áhaldahús og 30 m² gróðurhús.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.
3. *Deiliskipulag Kílhrauns á Skeiðum.*
Gert er ráð fyrir nýju íbúðarhúsi um 500 m norðaustan við núverandi hús með nýrri aðkomu frá Skeiðavegi.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. október 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 25. október 2006